

## LISTIR

## Komar og Melamid sýna Eftirsóttasta málverk bandarísku þjóðarinnar

Á MOKKA verður opnuð á mánudaginn sýning á silki-brykkjum af Eftirsóttasta og Síst eftirsóttasta málverki bandarísku þjóðarinnar eftir rússnesku myndlistarmennina Komar og Melamid. Um næstu helgi, laugardaginn 13. janúar, hefst svo á Kjarvalsstöðum sýning á Eftirsóttasta og Síst eftirsóttasta málverki íslensku þjóðarinnar, sem Komar og Melamid unnu út frá ítarlegri skoðanakönnun Hagvangs hf. á viðhorfi almennings til myndlistar og því hvað landinn vill helst sjá í málverki. Sýningarnar eru samvinnuverkefni Mokka og Kjarvalsstaða, en íslenska könnunin var gerð fyrir tilstilli Hannesar Sigurðssonar listfræðings sem jafnframt sér um sýningarstjórn á báðum stöðum.

Í kynningu segir: „Komar og Melamid hafa tekið sér ýmislegt furðulegt fyrir hendur í gegnum tíðina og stuðlað að fjölmörgum uppákomum er vakið hafa óskipta athygli listaheimsins en þeir urðu stórstjörnur í myndlistinni í byrjun áttunda

áratugarins með ádeilumálverkum sínum á kommúnismann og ráðamenn hans. Nokkru fyrir fall Berlínarmúrsins og lok kalda stríðsins sneru þeir hins vegar blaðinu við og tóku óspart að hæðast að neytlusamfélaginu og hinu vestræna stjórnkerfi, lýðræðinu okkar. Val fólksins, eins og Komar og Melamid kalla þetta rannsóknarverkefni sitt á myndlistarmenn fjöldans, hefur sennilega vakið meira umtal úti í hinum stóra heimi en nokkur annar nútímalistaviðburður að undanfögnu.“

Í sýningarskrá frá Kjarvalsstöðum er að finna ítarlegt viðtal við Melamid um forsendur könnunarinnar, greinar um bakgrunn félaganna og hugmyndafræðilega merkingu verksins eftir Hannes Sigurðsson, auk helstu niðurstaðna Hagvangskönnunarinnar. Komar og Melamid koma bráðlega til landsins í boði Kjarvalsstaða og munu þeir halda opinn fund „með fólkinu“ á Kjarvalsstöðum föstudaginn 12. janúar kl. 17.



EFTIRSÓTTASTA málverk bandarísku þjóðarinnar (1994) eftir Komar og Melamid.

Er sá fundur skipulagður af Myndlista- og handíðaskóla Íslands í samvinnu við Mokka og Kjarvalsstaði. Þá má einnig geta, að í framhaldi af sýningu Kolmars og Melamids í Mokka mun myndlistarkonan Borghildur Anna Jónsdóttir, sem búsett er í London, koma til landsins og mála samkvæmt óskum kaffihúsagesta frá 12. - 24. febrúar.

### Dansleik- hússpuninn

## „Leitin að Rómeó“


Í BOÐI Listaklúbbsins verður frumflutt dansleikhúsverkið „Leitin að Rómeó“ í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld fimmtudagskvöld kl. 21.

„Leitin að Rómeó“ er dansleikhúsverk samið og flutt af þrem fyrrverandi nemum úr Listdansskóla Íslands sem allir stunda nú nám í erlendum listaháskólum.

#### Allar í námi erlendis

Þeir eru Aino Freyja Jarvela, og stundar hún leiklistarnám í Bretton Hall University College í Bretlandi, Erna Ómarsdóttir sem stundar nám í nútímadansi í P.A.R.T.S í Belgíu og Karen María Jónsdóttir sem stundar dans í Hogeschool voor het Kunsten í Hollandi.

Aðeins verður um þessa einu sýningu að ræða þar sem þær fljúga út í áframhaldandi nám strax að loknu jólahefni.



AINO Freyja, Erna og Karen María munu frumflytja dansleikhúsverkið „Leitin að Rómeó“ í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld.

Rosenthal – þegar þú velur gjöf

- Brúðkaupsgjafir
- Tímamótagjafir
- Verð við allra hæfi

Hömmun og gæði í sérflokki

Rosenthal

Laugavegi 52, sími 562 4244.

# Veistu...

... að dagblað í Bretlandi kostar 30 kr. í lausasölu. Fyrir það verð fæst símtal í 8 mín. innanbæjar í Bretlandi.

... að dagblað á Íslandi kostar 125 kr. í lausasölu. Fyrir það verð fæst símtal í 2 klst. og 26 mín. innanbæjar á Íslandi.

POSTUR OG SÍMI